

Nd.

251. Frumvarp til laga

[121: mál]

um breyting á lögum nr. 23 1. febr. 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

Flm.: Eggert Þorsteinsson.

1. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Sérhver, sem ætlar að reisa eða reka meiri háttar verksmiðju eða verkstæði eða breyta eldra fyrirtæki, skal leita umsagnar öryggismálastjóra um, hvort hið fyrirhugaða skipulag sé í samræmi við lög þessi eða reglugerðir settar samkvæmt þeim. Í því skyni skal hann láta í té sundurliðaða greinargerð með nægilegum uppdráttum yfir fyrirkomulag véla og húsakynna og öðrum upplýsingum, er máli kunna að skipta, allt eftir því, sem öryggismálastjóri kann að krefjast. Ákveða skal í reglugerð, hver stærð verksmiðja og verkstæða skuli falla undir ákvæði þessarar greinar.

Vilji hlutaðeigandi ekki una úrskurði öryggismálastjóra, getur hann skotið máli sínu til úrskurðar öryggisráðs.

2. gr.

Á eftir orðinu „öryggismálastjóra“ í 1. másl. 12. gr. laganna bætist: og öryggisráðs.

3. gr.

Aftan við 31. gr. laganna bætist: í samráði við öryggisráð.

4. gr.

Aftan við 1. másl. 1. málgr. 35. gr. laganna bætist: og öryggisráðs.

5. gr.

1. málgr. 40. gr. laganna orðist svo:

Öryggismálastjóri gerir, í samráði við öryggisráð, útdrátt úr lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim. Útdrætti þessa skal festa upp á vinnustað, eftir því sem við á, og skal þannig frá þeim gengið, að verkamenn eigi auðvelt með að kynna sér efni þeirra. Öryggisráð getur þó í samráði við öryggismálastjóra veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar.

6. gr.

Fyrir orðið „öryggismálastjóra“ í síðari másl. 41. gr. laganna kemur: öryggisráð.

7. gr.

Á eftir 44. gr. laganna koma tvær nýjar greinar (verða 45. og 46. gr.) í nýjum kafla (verður VII. kafla), með fyrirsögninni: **Öryggisráð:**

a. (45. gr.) Ráðherra skipar fimm manna öryggisráð til sex ára í senn. Hann skipar án tilnefningar formann þess, er skal vera læknir með sérþekkingu í atvinnusjúkdómum, en tvo verkamenn og tvo fulltrúa vinnuveitenda samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila:

1. Alþýðusambands Íslands,
2. Félag íslenskra iðnrekenda.
3. Landssambands iðnaðarmanna,
4. Iðnsveinaráðs Alþýðusambands Íslands.

Varamenn skulu skipaðir jafnmargir og á sama hátt.

Ráðherra setur öryggisráðinu starfsreglur og ákveður því þóknun fyrir störf þess.

Kostnaður við störf öryggisráðs greiðist úr ríkissjóði.

b. (46. gr.) Ráðherra og öryggismálastjóri geta krafizt af öryggisráðinu yfirlýsingar um mál, er snerta öryggi verkamanna við vinnu og önnur atriði, er lög þessi ná til. Öryggisráðið tekur til athugunar þau mál, sem lög þessi ná til, og lætur álit sitt á þeim í ljós við ríkisstjórnina og öryggiseftirlitið. Það skal og gera tillögur til ráðherra um breytingar á þessum lögum og viðauka við þau, ef því þykir ástæða til.

8. gr.

Aftan við 1. másl. 1. málgr. 45. gr. laganna bætast orðin: og öryggisráð.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar frumvarp Emils Jónssonar, þáverandi iðnaðarmálaráðherra, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, var til umræðu á Alþingi á árunum 1948—1952, þótti meiri hluta þess nauðsynlegt, að gerðar yrðu á því allstórtækar breytingar. Ýmis ákvæði þess var talið óþarft að lögfesta, en þess í stað gert ráð fyrir setningu reglugerða þar um o. s. frv. Ein veigamesta breyting Alþingis á frumvarpinu var þó niðurfelling ákvæða þess um öryggisráð. Rökkin fyrir niðurfellingu þessara ákvæða voru fyrst og fremst þau, að á byrjunarstigi væri ekki þörf á víðtækari löggjöf.

Nú eru liðin tvö ár frá setningu þessara laga, og treglega hefur gengið um framkvæmd þeirra. Það dylst heldur engum, sem með réttisýni athugar þessa veigamiklu löggjöf, að það er ofviða að ætla einum manni alla framkvæmd hennar, þannig að tekið verði nægjanlegt tillit til allra hlutaðeigandi aðila og þeim gefinn kostur á að leggja fram álit sitt. Til þess að lögin nái sinum tilætlaða árangri, — en um það virðist enginn ágreiningur, — ber því skýlausa skyldu til að kveðja til ráða fulltrúa þeirra aðila, sem bezt vita, hvar skórin kreppir að, um leið og lögskipuð yrði ábyrg yfirstjórn þessara mála. Með þetta í huga samþykkti 24. þing Alþýðusambands Íslands, sem er nýlokið, ákveðna ályktun í öryggismálum, þar sem þess er krafizt, að flýtt verði samningu reglugerðar samkvæmt III. kafla laganna um heilbrigði og velferð verkamanna á vinnustað, og jafnframt, að kaflinn um öryggisráð verði tekinn inn í lögin.

Það ætti að vera óþarft að fara mörgum orðum um þá aðstöðu, sem fulltrúar vinnuveitenda og vinnuseljenda hafa umfram aðra til þess að tryggja nauðsynlegt samband við þá aðila, sem lögin í raun og veru snerta, á sjálfum vinnustöðunum. Jafnframt ætti það og að vera öllum ljóst, að nauðsyn ber til að gera fulltrúa þessara sömu aðila ábyrga í störfum sínum, með því að þeir séu lögskipaðir til starfans. Á þann hátt er gert það, sem stendur í valdi löggjafans til þess að tryggja raunhæfa framkvæmd þessarar nauðsynlegu löggjafar frá þjóðhagslegu sjónarmiði, — en fyrr ekki. Íslenzka þjóðin hefur engin efni á því umfram aðrar þjóðir, sem þegar hafa tekið þessi mál föstum tókum, að nokkurs sé látið ófreistað til þess að koma í veg fyrir hið árlega tjón einstaklinga og þjóðarinnar allrar af völdum slysa á vinnustöðum.

Frumvarp þetta er því flutt sem spor í þá átt að tengja lögin betur þeim aðilum, sem bezta vitneskju hafa um það, hvernig beri að snúast gegn hverju vandamáli á hverjum tíma í öryggismálum verkafólks á Íslandi.

Nánar verður getið einstakra atriða frumvarpsins í framsögu.